

Fjölskylduráð - 467 (15.6.2022) - Réttindi fatlaðs fólks

Málsnúmer : 2206163
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Niðurstaða (stutt) : Lagt fram til kynningar
Fundardagur : 15.06.2022

Inngangur : Bæjarstjórn vísaði á fundi sínum 8.júní sl. eftirfarandi tillögu til fjölskylduráðs:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að áfram verði settur aukinn kraftur í málefni og þjónustu við fatlað fólk. Lögð verði áhersla á samning sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks með það að markmiði að framfylgja öllum ákvæðum í þessum mikilvæga mannréttindasamningi.

Tillögunni er vísað til fjölskylduráðs þar sem fram fari greining á því hvernig Hafnarfjörður stendur í innleiðingu á samningi SP og unnið verði að útfærslum og tillögum að framtíðarsýn í málefnum fatlaðs fólks.

Niðurstaða : Lagt fram til kynningar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar taka heilshugar undir nauðsyn þess að öllum markmiðum Samnings SP um réttindi fatlaðs fólks verði framfylgt hjá Hafnarfjarðarbæ. Því er mikilvægt að greina með markvissum hætti hvernig Hafnarfjörður stendur í innleiðingu samningsins. Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja mikla áherslu á samráð við ráðgjafaráð í málefnum fatlaðs fólks við úrvinnslu tillögunnar sem og við hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Þá telja fulltrúar Samfylkingarinnar rétt að fá utanaðkomandi aðila til þess að koma að greiningarvinnu vegna innleiðingar samnings SP á réttindum fatlaðs fólks. Að öðru leyti eru það viss vonbrigði að málefni fatlaðs fólks fái ekki meira vægi í málefna­samningi meirihlutans en raun ber vitni. Þar vantar umfjöllun um mikilvæg atriði eins réttinn til náms, aðgengi fatlaðra barna að íþrótt­ og tómstundastarfi, aðgengi fatlaðs fólks að byggingum sveitarfélagsins, atvinnumál fatlaðs fólks og NPA samninga.